

Nefndasvið Alþingis
B.t. Kristjana Benediktsdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. mars 2011

Efni: Umsögn Blindrafélagsins um frumvarp til laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls, 533. mál

Til undirritaðs hefur leitað Blindrafélagið, samtök blindra og sjónskertra á Íslandi, kt. 470169-2149, Hamrahlíð 17, 105 Reykjavík og falið undirrituðum lögmanni að vinna umsögn fyrir hönd félagsins frumvarp til laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls, 533. mál (hér eftir „frumvarpið“).

Almennt er það afstaða Blindrafélagsins að frumvarpið sé til bóta. Hins vegar saknar félagið að ekki sé hugað að réttindum blindra við setningu slíkra laga og stöðu íslensks punktaleturs (braille). Blindrafélagið telur það réttlát og eðlileg krafa að fest verði í lög að íslenskt punktaletur verði lögfest sem íslenskt ritmál þeirra sem það nota.

Í ljósi framangreinds leggur félagið til eftirfarandi breytingu á 3. gr. frumvarpsins. Sá hluti tillögunar sem er viðbót við núverandi texta frumvarpsins er einkenndur með rauðuletri:

3. gr.

Íslenskt tákn máll og punktaletur

Íslenskt tákn máll er fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra og afkomenda þeirra sem þurfa að reiða sig á það til tjáningar og samskipta. Það sama á við um íslenskt punktaletur sem notað er af blíndum er það íslenskt ritmál þeirra sem það nota. Skulu stjórnmöld hlúa að því og styðja.

Hver sem hefur þörf fyrir tákn máll skal eiga þess kost að læra og nota íslenskt tákn máll, jafnskjótt sem máltaka hefst eða frá þeim tíma sem heyrnarleysi, heyrnarskerðing eða daufblinda hefur greinst. Það sama á við um rétt þeirra sem þarfnast punktaleturs vegna skerðingar á sjón. Skulu þeir njóta réttar til að læra og nota punktaletur um leið og þeir hafa getu til.

Blindrafélagið telur að með framangreindri breytingu væri stigið mikilvægt skref í að tryggja réttindi blindra á Íslandi. Þá leiði jafnræðis- og réttlætisrök til þess að tryggja eigi stöðu íslenskrar tungu gagnvart öllum hópum samfélagsins.

Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllst

Páll Rúnar M. Kristjánsson hdl.
-MÁLFLUTNINGSSTOFA REYKJAVÍKUR|REYKJAVIK LEGAL-